



Borgarráð Reykjavíkur  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 14. mars 2022  
Málsnr. 1501005/PBG/HH

### **Efni: Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – viðauki við samkomulag**

Á 537. fundi stjórnar SSH, hinn 7. mars 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

#### **1501005 - Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins**

*Framhald umræðu frá 536. fundi um framkvæmdir á skíðasvæðunum en samkvæmt bókun þess fundar var Samstarfsnefnd skíðasvæðanna í samráði við SSH falið að skoða og eftir atvikum að útfæra nýja uppfærða fjárfestingaáætlun m.v. fyrirbyggjandi gögn er m.a. snúa að stólalyftu í Skálafelli. Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra til samræmis við bókun á 400. fundi Samstarfsnefndar skíðasvæðanna og umræðu sem hefur átt sér stað á þeim vettvangi.*

*Gestir  
Ómar Einarsson*

#### **Niðurstaða:**

*Stjórn SSH samþykkir fyrir sitt leyti framkomnar tillögur og felur framkvæmdastjóra að útbúa viðauka við samkomulag sveitarfélaganna um framkvæmdir á skíðasvæðunum sem sendur verði til efnislegar umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Málið verði jafnframt kynnt í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga.*

### **Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:**

Meðfylgjandi eru drög að Viðauka III við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018. Óskað er eftir því að þau verði tekin til efnislegrar umræðu og afgreiðslu og staðfestingar. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra sveitarfélagsins til undirritunar viðaukans.

Nánari skýringar á þeim breytingum sem viðaukinn felur í sér er þá að finna í meðfylgjandi minnisblaði Páls Björgvins Guðmundssonar, dags. 7. mars 2022. Breytingarnar, sem endurspeglast í fylgiskjali 1b með viðaukadrögum, felast helst í því að keypt verði ný stólalyfta í Skálafell, en ekki notuð eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu samkomulagi. Rökin fyrir því að kaupa nýja lyftu fremur en notaða eru nánar reifuð í meðfylgjandi minnisblaði VSÓ ráðgjafar, dags. 6. desember 2021. Er jafnframt lagt til, í nýrri framkvæmdaáætlun í fylgiskjali 1b með viðaukadrögum, að snjóframleiðslu í Bláfjöllum verði flýtt, aukið fjármagn lagt í uppbyggingu aðstöðu fyrir gönguskíðaiðkendum og uppbyggingu innviða. Þá er gert ráð fyrir



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

að framkvæmdum vegna toglyftu úr Kerlingardal og stólalyftu í Eldborgargili verði seinkað og verði samkomulagið uppfært síðar með tilliti til þeirra framkvæmda.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is) sem fyrst. Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd SSH

---

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Drög að viðauka III við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á skíðasvæðunum ásamt fylgiskjali.

Minnisblað Páls Björgvins Guðmundssonar, dags. 7. mars. 2022.

Umræðupunktur SKRR á fundi með SSH/Samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

Minnisblað VSÓ ráðgjafar um stólalyftu í Skálafelli dags. 6. desember 2021. Trúnaðarmál.

## VIÐAUKI III

við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sameiginlegir rekstraraðilar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, þ.e. sveitarfélögin Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Garðabær, samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Viðauki, dags. 6. mars 2020, var gerður við greint samkomulag þar sem tiltekna breytingar urðu á áætlunum er varða m.a. tímasetningar og fjármögnun. Eftir að niðurstöður útboða lágu fyrir, svo og vegna áhrifa af Covid-19, varð ljóst að enn þurfti að breyta áætluninni með tilliti til fjármögnunar og tímasetninga. Var því Viðauki II við umrætt samkomulag undirritaður hinn 24. febrúar 2021. Framkvæmdir vegna skíðalyftnanna Gosa og Drottningar ganga nú samkvæmt áætlun og samkvæmt núverandi mati á kostnaði verður framkvæmdakostnaður undir kostnaðaráætlun útboðs. Hins vegar hefur nú farið fram ítarlegra mat á kostum og göllum þess að kaupa og setja upp notaða stólalyftu í Skálafelli og eftir þá greiningu þykir að öllu samanlögðu hagfelldara að ráðast á kaup á nýrri lyftu fremur en notaðri eins og upphaflegt samkomulag gerði ráð fyrir. Samhliða því þarf að koma til aukin innviðauppbýgging við Skálafell. Þá hefur jafnframt verið ákveðið að auka framlög til uppbyggingar á aðstöðu fyrir gönguskiðaiðkendur. Tekur nýr viðauki mið af framangreindu.

Umrætt samkomulag, svo og fyrri viðaukar við það, halda gildi sínu að því marki sem ekki er mælt fyrir um breytingar á þeim hér.

Framangreindir aðilar samþykkja eftirfarandi breytingar á samkomulagi um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins,

### 1. gr.

#### Tímasetningar framkvæmda

Breytingar á gr. 2. í samkomulagi: „2018-2024“ verður „2018-2026“.

Breytingar á gr. 2.1. í samkomulagi:

Bláfjöll:

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Drottning“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2022-2023 í stað 2019-2020.

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Gosi“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2021-2022 í stað 2022-2023.

Áætluð tímasetning framkvæmda vegna notaðrar stólalyftu í Eldborgargili ásamt nauðsynlegri aðstöðusköpun á endastöðvum, og nýrrar toglyftu úr Kerlingardal breytist og eru framkvæmdir nú fyrirhugaðar á árinu 2027 í stað 2023-2024 og 2023. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna þeirra framkvæmda uppfærðri framkvæmdaáætlun enda utan þess tímaramma sem hún tekur til. Sveitarfélögin munu uppfæra samkomulag þetta m.a. m.t.t. til þeirra framkvæmda eigi síðar en á árinu 2025.

Skálafell:

Ný stólalyfta ásamt nauðsynlegri aðstöðusköpun á endastöðvum. Áætluð tímasetning framkvæmda verður 2023-2024 í stað 2020-2021.

Grein 1 í viðauka II við samkomulag frá 7. maí 2018, um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 24. febrúar 2021, fellur brott.

## 2. gr. Framkvæmdakostnaður

Breytingar á 3. gr. í samkomulagi:

Breyting á 1. mgr. 3. gr.: „2018-2024“ verður „2018-2026“.

Fylgiskjal 1a með samkomulaginu er felld úr gildi og í stað þess kemur nýtt fylgiskjal (fskj. 1b) með uppfærðum framkvæmdarkostnaði og dreifingu kostnaðar.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður er nú áætlaður 5.299 m.kr. Um nánari sundurliðun vísast til nýs fylgiskjals 1b með viðauka þessum.

Sveitarfélögin munu í fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum gera ráð fyrir kostnaði við framkvæmdir í samræmi við uppfærðar tímasetningar framkvæmda, sbr. 1. gr. viðauka þessa og uppfærðar kostnaðaráætlun sbr. nýtt fylgiskjal (fskj. 1b) með viðauka þessum.

Grein 2 í viðauka II við samkomulag frá 7. maí 2018, um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 24. febrúar 2021, fellur brott

Kópavogi, X.XX 2022

---

f.h. Reykjavíkurborgar

---

f.h. Kópavogsbæjar

---

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

---

f.h. Mosfellsbæjar

---

f.h. Garðabæjar

---

f.h. Seltjarnarnesbæjar

### Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1b: Uppfærð framkvæmdaáætlun 2018- 2026 fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, dags. 7. mars 2022.

## Fylgiskjal 1b með viðauka III

Uppfærð framkvæmdáætlun 2018-2026 fyrir skólasvæði höfuðborgarsvæðisins, dags. 7. mars 2022.

|                                 | 2018      | 2019      | 2020      | 2021       | 2022       | 2023         | 2024         | 2025       | 2026       | Samtals      |
|---------------------------------|-----------|-----------|-----------|------------|------------|--------------|--------------|------------|------------|--------------|
|                                 | m.kr      | m.kr      | m.kr      | m.kr       | m.kr       | m.kr         | m.kr         | m.kr       | m.kr       | m.kr         |
| <b>Undirbúningur framkvæmda</b> | 10.0      | 9.5       | 9.7       |            |            |              |              |            |            | 29           |
| <b>Snjóframleiðsla</b>          |           |           |           |            |            |              |              |            |            | 0            |
| 1. áfangi. Bláfiöll             |           |           |           |            |            |              |              |            |            |              |
| 2. áfangi Skálafell             |           |           |           |            |            |              |              |            |            |              |
| <b>Skólaeyttur</b>              |           |           |           |            |            |              |              |            |            | 0            |
| <b>Bláfiöll</b>                 |           |           |           |            |            |              |              |            |            | 0            |
| Ný drottning                    |           |           |           | 338        | 445        | 231          | 231          |            |            | 1.245        |
| Nýr Gosi                        |           |           |           | 315        | 415        | 215          | 215          |            |            | 1.160        |
| Eldborgargil                    |           |           |           |            |            |              |              |            |            | 0            |
| Kerlingadalur, toglyfta         |           |           |           |            |            |              |              |            |            | 0            |
| <b>Skálafell</b>                |           |           |           |            |            |              |              |            |            | 0            |
| Ný stóla lyfta                  |           |           |           |            |            | 100          | 50           | 50         |            | 200          |
| Innviða uppbygging              |           |           |           |            | 100        |              | 20           |            |            | 120          |
| <b>Göngusvæði</b>               |           |           |           |            |            |              |              |            |            | 0            |
| <b>SAMTALS</b>                  | <b>10</b> | <b>10</b> | <b>10</b> | <b>653</b> | <b>970</b> | <b>1.321</b> | <b>1.166</b> | <b>690</b> | <b>470</b> | <b>5.299</b> |

| Greiðsludreifing | 56%               | 5,6 | 5,4 | 5,5 | 368,3 | 547,1 | 745,1 | 657,6 | 389,2 | 265,1 | 2.988,8 |
|------------------|-------------------|-----|-----|-----|-------|-------|-------|-------|-------|-------|---------|
| eftir            | 16% Kópavogur     | 1,6 | 1,5 | 1,6 | 105,9 | 157,4 | 214,3 | 189,2 | 111,9 | 76,2  | 859,7   |
| sveltarfélagum   | 2% Seltjarnarnes  | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 13,0  | 19,4  | 26,4  | 23,3  | 13,8  | 9,4   | 105,7   |
|                  | 7% Garðabær       | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 48,9  | 72,6  | 98,9  | 87,3  | 51,7  | 35,2  | 396,8   |
|                  | 13% Hafnarfjörður | 1,3 | 1,2 | 1,2 | 82,0  | 121,9 | 166,0 | 146,5 | 86,7  | 59,1  | 665,8   |
|                  | 5% Mosfellsbær    | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 34,8  | 51,7  | 70,4  | 62,1  | 36,8  | 25,0  | 282,3   |



---

---

## MINNISBLAÐ

---

---

**TIL:** STJÓRNAR SSH.

**FRÁ:** PÁLI BJÖRGVINI GUÐMUNDSSYNI FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH.

**EFNI:** ENDURSKOÐUN UM ÁÆTLANIR UM FRAMKVÆMDIR Á SKÍÐASVÆÐUNUM.

**DAGS:** 7.MARS 2022.

---

Á fundi samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 2. mars 2022 var undirrituðum falið að útbúa minnisblað til stjórnar SSH í samræmi við umræður á fundi samstarfsnefndarinnar.

Framleiðsla og tengd verkefni vegna nýrra skíðalyfta Gosa og Drottningar sem boðnar voru út á árinu 2021 ganga vel, eru samkvæmt framkvæmdaáætlun og innan kostnaðaráætlana verkefnisins. Framkvæmdin er nú metin um 255 millj. kr undir kostnaðaráætlun útboðs. Þá hefur gengi evru gagnvart ísl kr á þessum tímapunkti þróast með hagfelldum hætti fyrir fjárhagshlið verkefnisins. Uppsetning og framkvæmdir á skíðasvæðinu sjálfu í Bláfjöllum hefjast á fyrri hluta sumars. Samhliða verður unnið að mótvægisáðgerðum í vatnsvernd með borun tilraunaborhola og er undirbúningur útboðs á þeim framkvæmdalið í gangi. Ánægja er með verkefnastjórn framkvæmdarinnar sem er í höndum VSÓ og verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum.

Samkvæmt nágildandi framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir því að hefja á þessum tímapunkti innkaup á notaðri lyftu til notkunar í Skálafelli. Eftir nánari skoðun og umræðu þykir það vart fýsilegur kostur m.a. með tilliti til kostnaðarþátta í framkvæmd og rekstri ásamt áhættu við framkvæmdina sjálfa. Því sé skynsamlegra að skoða kaup á nýrri lyftu en nánar er fjallað um samanburð á kaupum notaðra lyftu og nýrrar í minnisblaði VSÓ frá 6. desember 2021. Í niðurlagi minnisblaðsins er lagt til að finna leiðir til þess að fjármagna aukinn stofnkostnað, „ sem vinnst til baka á líftíma lyftunnar með lægri kostnaði við rekstur, viðhald og búnaðarendurnýjun.

Í núverandi framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna er gert ráð fyrir kaupum á **notaðri** lyftu fyrir alls 710 millj. kr, en skv. minnisblaði VSÓ er uppreiknuð áætlun um 1. milljarð kr. Áætlað kaupverð á **nýrri** lyftu, að teknu tilliti til samanburðar við útboð á lyftum í Bláfjöllum og kostnaðarhækkana (10-15%) er 1,5 milljarður kr. Tengt framkvæmdinni er nauðsynleg innviðaupbygging í Skálafelli áætluð um 200 millj. kr.



Um framangreinda kosti hefur verið fjallað á vettvangi samstarfsnefndar skíðasvæðanna og innan stjórnar SSH. Þá komu til fundar samstarfsnefndarinnar fulltrúar skíðaráðs Reykjavíkur (SKRR) en samkvæmt erindi þeirra var lögð áhersla á eftirfarandi atriði er varða framkvæmdir á skíðasvæðunum.

- a) Innkaup verði á nýrri lyftu í stað notaðrar í Skálafell m.a. vegna ástæðna sem nefndar voru hér að framan.
- b) Snjóframleiðslu í Bláfjöllum verði flýtt til að nýting á nýjum lyftum í Bláfjöllum verði sem best frá upphafi.
- c) Bætt verði úr aðstöðu fyrir almenning sem stundar skíðagöngu.

Segja má að samhljómur sé í umræðum á vettvangi SSH, samstarfsnefndar og áhersluatriðum SKRR. Þegar hefur verið unnið að úrbótum á skíðagöngusvæði í Bláfjöllum, unnin athugun á kaupum nýrrar lyftu í Skálafell og bent hefur verið á mikilvægi þess að hefja snjóframleiðslu sem fyrst í Bláfjöllum samhliða uppbyggingu á skíðalyftunum Drottningu og Gosa.

**Að ofangreindu sögðu eru eftirfarandi lagt fram af vettvangi samráðsnefndar til frekari umræðu og ákvörðunar innan stjórnar SSH.**

- 1) Útboði á snjóframleiðslu í Bláfjöllum verði færð fram um eitt ár eða til ársins **2023**.
- 2) Á árinu **2022** fari fram greining þeirra innviða sem nauðsynlegt er að unnið sé að samhliða uppsetningu á nýrri lyftu í Skálafelli (5-10 millj.kr).

Á árinu 2023 verði unnið að innviðauppbyggingu 100 millj kr og 100 millj. kr til viðbótar á tímabili framkvæmdar (2024-2025), alls 200 millj. kr. Um er að ræða stækkun bílastæðis, snjógirðinga, landmótunar og lýsingu. Þá er vegagerðin með á samgönguáætlun breikkun og malbikun vegarins að Skálafelli árið 2023.

Útboð fari fram á nýrri lyftu árið 2023. Leitast verði við að dreifa kostnaði á 2-3 ár sbr. síðasta útboð á lyftum í Bláfjöllum. Lyftan verði tilbúin til notkunar **2024**.

- 3) Sett verði frekari framlög til uppbyggingar á aðstöðu strax í ár (2022) fyrir skíðagöngufólk allt að 100 millj kr. Þegar hafa verið teknir frá allt að 50 millj. kr til uppbyggingar á salernisaðstöðu til viðbótar fyrrgreindu nýju framlagi.
- 4) Stólalyfta í Eldborg og diskalyfta í Kerlingardal verða færðar aftur í seinni áfanga uppbyggingarinnar, 2027.
- 5) Nauðsyn er að skoða nánar skipulag innviða á Bláfjallasvæðinu til framtíðar sér í lagi er varða veitustarfsemi rafmagns, vatns og fráveitu m.v. þau áform sem fyrir liggja m.a. með



uppbyggingu skíðaskála á svæðinu í huga. Nýtt verði fé að óráðstöfuðu núverandi framkvæmda til að mæta kostnaði við þá greiningu.

- 6) Í töflu 1 má sjá uppfærða framkvæmdaáætlun er tekur mið af framangreindu uppleggi. Við tillögugerðina hefur verið horft til þess að fjárflæði í heildarmynd framkvæmdanna raskist sem minnst.

| Vinnuskjal - Drög                 | 2018<br>m.kr | 2019<br>m.kr | 2020<br>m.kr | 2021<br>m.kr | 2022<br>m.kr | 2023<br>m.kr | 2024<br>m.kr | 2025<br>m.kr | 2026<br>m.kr | Samtals<br>m.kr |
|-----------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|-----------------|
| <b>A</b> Undirbúningur framkvæmda | 10,0         | 9,5          | 9,7          |              |              |              |              |              |              | 29<br>0         |
| <b>B</b> Snjóframleiðsla          |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| 1. áfangi. Bláfjöll               |              |              |              |              |              | 575          |              |              |              | 575             |
| 2. áfangi Skálafell               |              |              |              |              |              |              |              |              | 470          | 470             |
| <b>C</b> Skíðalyftur              |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Bláfjöll                          |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Ný drottning                      |              |              |              | 338          | 445          | 231          | 231          |              |              | 1.245           |
| Nýr Gosi                          |              |              |              | 315          | 415          | 215          | 215          |              |              | 1.160           |
| Eldborgargil 1)                   |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Kerlingadalur, toglyfta           |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Skálafell                         |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Ný stólalyfta 1)                  |              |              |              |              | 10           | 200          | 650          | 640          |              | 1.500           |
| Innviða uppbygging                |              |              |              |              |              | 100          | 50           | 50           |              | 200             |
| Göngusvæði                        |              |              |              |              | 100          |              | 20           |              |              | 120             |
|                                   |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| <b>SAMTALS</b>                    | <b>10</b>    | <b>10</b>    | <b>10</b>    | <b>653</b>   | <b>970</b>   | <b>1.321</b> | <b>1.166</b> | <b>690</b>   | <b>470</b>   | <b>5.299</b>    |

Tafla 1. Vinnuskjal uppfærðar framkvæmdaáætlunar m.v. nýjar forsendur.

| Samþykkt áætlun                   | 2018<br>m.kr | 2019<br>m.kr | 2020<br>m.kr | 2021<br>m.kr | 2022<br>m.kr | 2023<br>m.kr | 2024<br>m.kr | 2025<br>m.kr | 2026<br>m.kr | Samtals<br>m.kr |
|-----------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|-----------------|
| <b>A</b> Undirbúningur framkvæmda | 32           | 10           | 14           |              |              |              |              |              |              | 56<br>0         |
| <b>B</b> Snjóframleiðsla          |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| 1. áfangi. Bláfjöll               |              |              |              |              |              |              | 575          |              |              | 575             |
| 2. áfangi Skálafell               |              |              |              |              |              |              |              | 470          |              | 470             |
| <b>C</b> Skíðalyftur              |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Bláfjöll                          |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Ný drottning                      |              |              |              |              | 470          | 500          | 500          |              |              | 1.470           |
| Nýr Gosi                          |              |              |              | 800          | 390          |              |              |              |              | 1.190           |
| Eldborgargil 1)                   |              |              |              |              |              |              |              | 155          | 395          | 550             |
| Kerlingadalur, toglyfta           |              |              |              |              |              |              |              |              | 160          | 160             |
| Skálafell                         |              |              |              |              |              |              |              |              |              | 0               |
| Endurnýjuð stólalyfta 1)          |              |              |              |              | 200          | 510          |              |              |              | 710             |
| <b>SAMTALS</b>                    | <b>32</b>    | <b>10</b>    | <b>14</b>    | <b>800</b>   | <b>1.060</b> | <b>1.010</b> | <b>1.075</b> | <b>625</b>   | <b>555</b>   | <b>5.181</b>    |

Tafla 2. Vinnuskjal uppfærðar framkvæmdaáætlunar m.v. nýjar forsendur.

| Greining fjárflæðis | Uppsafnaður | 22 | 23 | 27 | 174 | 264 | -47  | -138 | -203 | -118 |
|---------------------|-------------|----|----|----|-----|-----|------|------|------|------|
| Mismunur hvers árs  |             | 22 | 1  | 4  | 147 | 90  | -311 | -91  | -65  | 85   |

Tafla 3. Greining á fjárflæði og mismun áætlana vinnuskjals og samþykkrar áætlunar hjá sveitarfélögum





Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Virðingarfyllst,

---

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH



## Umræðupunktur á fundi með SSH / Stjórn skíðasvæðanna

### Skálafell

*Notuð stólalyfta ásamt nauðsynlegum breytingum á aðstöðu við endastöðvar. Áætluð tímasetning 2023 [heimasíða Skíðasvæðanna].*

- SKRR skorar á stjórn Skíðasvæðanna / SSH að kanna mjög rækilega kosti þess að ráðast frekar í kaup á nýrri lyftu. Að teknu tilliti til rekstraröryggis, óvissu í uppsetningarkostnaði, viðhaldskostnaði og líftíma fjárfestingar, má teljast líklegt að hagstæðara sé að kaupa nýja lyftu. Reynsla af kaupum og uppsetningu notaðrar lyftu á Akureyri hlýtur að hvetja til slíkrar hagkvæmniathugunar.

### Snjóframleiðsla

1. áfangi snjóframleiðslu – Bláfjöll; heimatorfan, Kóngsgil og Öxlin. Áætluð tímasetning framkvæmda 2024
2. áfangi snjóframleiðslu – Skálafell. Áætluð tímasetning framkvæmda 2025

*Ofangreind verkefnaöðun og tímasetningar geta breyst ef upp koma tæknilegar eða skipulagslegar aðstæður sem kalla á endurskoðun tímasetninga [heimasíða Skíðasvæðanna].*

- SKRR skorar á stjórn Skíðasvæðanna / SSH að kanna mjög rækilega kosti þess að flýta snjóframleiðslu og hefja framkvæmdir sem fyrst. Að óbreyttu mun snjóframleiðsla í Bláfjöllum hefjast í fyrsta lagi veturinn 2025. Það er 6 árum síðar en til stóð í Samkomulagi um uppbyggingu skíðasvæðanna.
- Ljóst er að snjóframleiðsla mun fjölga opnunardögum, bæta aðstöðu til skíðaiðkunar og styðja við æfingastarf skíðadeildanna. Þannig væri rekstraröryggi skíðasvæðanna og rekstrargrundvöllur hinna nýju lyftufjárfestinga bættur. SKRR hefur skilning á að fjárfestingaráætlunin snýr að og takmarkast af árlegum útlögðum kostnaði sveitarfélaganna. Í núverandi markaðsaðstæðum mætti auðveldlega brúarfjármagna þessa framkvæmd á mjög hagstæðum kjörum og flýta þannig framkvæmdum um 1-2 ár með litlum aukakostnaði.
- Ekki er tilgreind tímasetning fyrir 3. áfanga snjóframleiðslu sem vísað er til í „uppbyggingu“ skíðagönguleiða (sjá neðanmáls). Er þessi áfangi innan fjárfestingaráætlunarinnar og þá hvenær er stefnt að honum?

### Skíðagönguleiðir

*Unnið verði að áframhaldandi uppbyggingu á skíðagöngusvæði með uppsetningu snjógirðinga, stika og merkinga, auk þess sem þriðji áfangi snjóframleiðslu nýtist til að treysta snjóalag á gönguleiðum og lengja tímabilið fyrir gönguskiðafólk [heimasíða Skíðasvæðanna].*

- SKRR og Skíðagöngufélagið Ullar hafa áður vakið athygli á að uppbygging á skíðagönguaðstöðu hafi algerlega gleymst í umræddri uppbyggingaráætlun. Í meðfylgjandi Uppbyggingartillögu sem SKRR/Ullur hafa kynnt SSH og stjórn Skíðasvæðanna, má sjá að



kostnaður við að koma upp fyrsta flokks skíðagönguaðstöðu í Bláfjöllum og Skálafelli er innan við 200 m.kr eða sem nemur 4% af núverandi fjárfestingaráætlun.

- Þrátt fyrir að þjónusta við skíðagöngu hafi verið bætt, m.a. með fyrirhuguðu salernishúsi er hún enn langt frá því að vera ásættanleg, sérstaklega í ljósi fjölda iðkenda, sem nú hlaupa á þúsundum. Athyglivert er að smærri bæjarfélög á landsbyggðinni (Akureyri og Ísafjörður) geti boðið upp á mun betri þjónustu (með mun færri iðkendum).
- Helstu áherslupunktur:
  - Bæta þarf húsnæði/aðstöðu fyrir skíðagönguiðkendum og keppnishald. Ullur áformar að reysa nýjan skála en þarf til þess stuðning
  - Ekki er til staðar sérbúin troðari fyrir skíðagöngu. Talsverður hluti af vetrinum er því ekki hægt að leggja nema lítinn hluta mögulegra brauta
  - Einungis er mjög lítil hluti brauta upplýstur
  - Vatnssöfnun á Leiru þarf að leysa
  - Koma þarf upp fleiri snjógirðingum
  - Merkingum er ábótavant (reyndar í vinnslu)
  - Snjóframleiðsla ekki fyrirhuguð fyrr en í fyrsta lagi 2026 (ef fyrirhuguð almennt?)
  - Bæta þarf aðstöðu/brautargerð í Skálafelli